




EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns og framkvæmdastjóra	4
Samstæðuársreikningur 2007	
- Skýrsla stjórnar	8
- Áritun óháðs endurskoðanda	9
- Rekstrarreikningur ársins 2007	10
- Efnahagsreikningur 31. desember 2007	11
- Sjóðstreymi ársins 2007	12
- Skýringar	13

Hönnun: Stíll.

Prentun: Ásprent.

Ljósmyndir: Kristján Kristjánsson.



Ágætu félagsmenn.

Árið 2007 var viðburðaríkt og um margt sérstakt fyrir íslenskt atvinnu- og þjóðlíf. Framan af árinu upplifði þjóðin líklega hámark þeirrar þenslu og hagvaxtar sem einkennt hefur undanfarin misseri, en um mitt árið urðu atburðir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum til þess að draga tók úr vextinum. Þetta hefur í reynd gjörbreytt á mjög skömmum tíma öllum viðfangsefnum fjármálafyrirtækja og atvinnulífs á Íslandi. Áður var spilaður hraður sóknarleikur en nú er skyndilega spilaður varnarleikur og hafa margir farið illa út úr þeim viðsnúningi. Nú reynir á og mikivægt að hafa sterk bein til að komast klakklaust í gegnum erfiðleikana. Tími aðlögunar er framundan.

Þau vatnaskil sem urðu á síðasta ári munu reynast mörgum lærdómsrík. Stöðugur vöxtur og uppgangur var farinn að nærast á sjálfum sér og líklega margir farið hraðar yfir en getan leyfði. Á mjög skömmum tíma hafa viðhorf gjörbreyst; endurmat orðið á verðlagningu áhættu, áhersla lögð á aðhald í rekstri og virka áhættustýringu.

Skipulagi KEA var breytt í framhaldi af síðasta aðalfundi og fjárfestingastefna félagsins var uppfærð. Megin breytingar á skipulagi felast í því að allar meiri-háttar ákvarðanir um viðskipti með eignir eru teknar af stjórn KEA en voru áður í höndum stjórna dótturfélaga. Áhersla er nú lögð á einstakar tegundir fjárfestingaflokka en ekki sérstök fjárfestingarfélög. Megin fjárfestingarflokkar félagsins eru einkafjárfestingar, framtaksfjárfestingar, innviðafjárfestingar og stöðutaka. Þessar breytingar hafa ekki breytt starfsháttum KEA í reynd svo neinu nemi.

Afkoma félagsins á síðasta ári var góð, ekki síst í ljósi aðstæðna á fjármálamörkuðum. Hagnaður eftir skatta nam 913 milljónum króna. Eigið fé félagsins var í lok síðasta árs rúmir 5,4 milljarðar króna. Eignir félagsins eru traustar og fjárhagurinn einnig en félagið er nánast skuldlaust. Við núverandi aðstæður er það eftirsóknarverð staða.

Helstu breytingar á óskráðum hlutabréfum voru sala á eignarhlutum í Norðenska matborðinu ehf. og Stefnu ehf. en félagið keypti á árinu eignarhluti í Hreinsitækni ehf. og Saga Capital fjárfestingabanka hf. Vægi óskráðra hlutabréfa jókst í eignasafni félagsins á árinu. Félagið keypti og seldi markaðsverðbréf á árinu fyrir 12 milljarða króna. Eignir félagsins í skráðum innlendum hlutabréfum voru seldar á haustmánuðum og frekari áformum um aukið vægi þeirra slegið á frest. Félagið lenti því ekki í þeim hremmingum sem margir fjárfestar glíma við nú um stundir. Eins og áður verður lögð áhersla á virka áhættustýringu auk áherslu á traustan efnahag og gæði eigna.

Á árinu fjölgaði félagsmönnum um 1.300 og eru þeir nú um 14.500. Notkun á KEA kortinu er mikil og almenn ánægja ríkjandi meðal félagsmanna og samstarfsaðila, en þeir eru nú 64 talsins. Nýlega var kynnt viðbót við KEA kortið sem er útgáfa á KEA kredit- og debetkorti í

samstarfi við sparisjóði á félagssvæðinu og hefur þessi nýjung strax fengið góðar viðtökur.

Sú þróun sem hófst á fjármálamörkuðum á síðasta ári hefur haldið áfram á þessu ári. Staða KEA í þessu umhverfi er sterk, efnahagur félagsins er vel til þess fallinn að standa af sér áframhaldandi þrengingar á fjármálamörkuðum til skemmri og lengri tíma. Þetta má rekja til grunnþátta í fjárfestingarstefnu félagsins, þar sem tekið er fullt tillit til vægis þeirrar áhættu sem jafnan fylgir sérhverri ákvarðantöku um fjárfestingar. Jákvæðni félagsmanna í garð KEA stafar meðal annars af sátt um slík vinnubrögð. Mikilvægt er að staða félagsins sé jafnan með þeim hætti, að það geti nýtt fjárfestingartækifæri sem fyrirvaralítið kunna að myndast. Í umhverfi óvissu eins og nú ríkir, geta slík tækifæri vissulega skotið upp kollinum og félagið er þá í ákjósanlegri stöðu til að nýta sér þau. Það er í góðu samræmi við sjónarmið félagsmanna um stöðu félagsins og stefnu.


Halldór Jóhannsson
framkvæmdastjóri


Hannes Karlsson
stjórnarformaður

SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2007
KEA svf.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Meginstarfsemi félagsins

KEA svf. er fjárfestingafélag sem vinnur í þágu félagsmanna sinna að eflingu atvinnulífs og búsetuskilyrða á félagssvæði sínu.

Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu móti í ár og síðasliðið ár. Hagnaður KEA á árinu 2007 nam 913,1 milljón króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 5,8 milljörðum króna, bókfært eigið fé í árslok er 5,4 milljarðar króna og er eiginfjárhlutfall félagsins 94,19%.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Eignaraðild

Í lok ársins voru félagsmenn í KEA svf. 14.316 talsins en voru 13.052 í upphafi árs.

Stjórn KEA svf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með áritun sinni.

Akureyri, 18. febrúar 2008

Í stjórn:

Hannes Karlsson

Hannes Karlsson
formaður

Björn Friðþjófsson

Björn Friðþjófsson
varaformaður

Jóhannes Evar Jónsson

Jóhannes Evar Jónsson
ritari

Benedikt Sigurðarson

Benedikt Sigurðarson
meðstjórnandi

Erla Bj. Guðm.

Erla Björg Guðmundsdóttir
meðstjórnandi

Hallur Gunnarsson

Hallur Gunnarsson
meðstjórnandi

Úlfhildur Ragnvaldsdóttir

Úlfhildur Ragnvaldsdóttir
meðstjórnandi

framkvæmdastjóri:

Halldór Jóhannsson

Halldór Jóhannsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og félagsmanna KEA svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning KEA svf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2007, efnahag 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Akureyri, 18. febrúar 2008

PricewaterhouseCoopers hf.

Davíð Búi Halldórsson

Davíð Búi Halldórsson
löggitur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrartekjur			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		303.237.460	106.102.198
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld		(15.954.821)	(19.871.768)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		493.934.862	415.425.291
		<u>781.217.501</u>	<u>501.655.721</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	54.130.496	45.222.647
Annar rekstrarkostnaður		52.111.149	57.858.199
		<u>106.241.645</u>	<u>103.080.846</u>
Hagnaður af fjármálastarfsemi			
		674.975.856	398.574.875
Veittir styrkir		(34.087.127)	(42.873.061)
Hagnaður fyrir skatta			
		640.888.729	355.701.814
Tekjuskattur	5	272.254.473	(68.669.559)
Hagnaður ársins		<u>913.143.202</u>	<u>287.032.255</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007

Eignir	Skýr.	2007	2006
Markaðsverðbréf	7	2.755.564.670	3.131.436.647
Fjárfestingaverðbréf	8	2.154.279.181	1.019.020.251
Skuldabréf og aðrar kröfur	9	413.921.603	941.764.721
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	2.892.956	2.619.796
Aðrar eignir		420.815.281	286.800.465
Handbært fé		10.779.220	28.839.688
		<u>5.758.252.911</u>	<u>5.410.481.568</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	10		
Stofnsjóður félagsmanna		7.158.000	6.526.000
Lögbundinn varasjóður		1.789.500	1.631.500
Óráðstafað eigið fé		5.414.465.426	4.501.480.224
		<u>5.423.412.926</u>	<u>4.509.637.724</u>
Skuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	12	103.771.927	429.374.926
Lántaka	11	111.285.652	184.215.279
Aðrar skuldir		119.782.406	287.253.639
		<u>334.839.985</u>	<u>900.843.844</u>
Eigið fé og skuldir		<u>5.758.252.911</u>	<u>5.410.481.568</u>

SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		640.888.729	355.701.814
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda		(566.455.720)	(416.124.592)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		586.840	314.405
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		0	(12.500.000)
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) án skatta		75.019.849	(72.608.373)
Rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun		(5.614.071)	(28.008.486)
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun)		(3.340.295)	(23.593.256)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) án skatta		66.065.483	(124.210.115)
Greiddir skattar		(45.693.641)	(40.384.351)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		20.371.842	(164.594.466)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð markaðsverðbréfa		(5.184.976.156)	(6.087.180.858)
Söluverð markaðsverðbréfa		5.712.909.198	7.382.143.259
Kaupverð fjárfestingaverðbréfa		(1.414.636.840)	(959.483.461)
Söluverð fjárfestingaverðbréfa		576.249.955	462.438.833
Kaupverð skuldabréfa og krafna		(404.301.044)	(640.366.080)
Afborganir skuldabréfa og krafna		1.014.851.450	75.766.122
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna		(860.000)	(2.934.201)
Aðrar kröfur, breyting		(130.900.746)	(28.043.893)
		168.335.817	202.339.721
Fjármögnunarhreyfingar			
Stofnsjóður félagsmanna	10	632.000	1.709.000
Greiddur arður		0	(39.831.400)
Afborganir langtímalána		(35.614.305)	(33.797.718)
Aðrar skuldir, breyting		(171.785.822)	0
		(206.768.127)	(71.920.118)
Lækkun handbærs fjár		(18.060.468)	(34.174.863)
Handbært fé í upphafi árs		28.839.688	63.014.551
Handbært fé í lok árs		10.779.220	28.839.688
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		21.671.323	(137.053.793)

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

KEA er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

KEA er fjárfestingarfélag sem vinnur í þágu eigenda sinna að því að efla atvinnulíf og búsetuskilyrði á starfssvæði sínu.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreiknings dótturfélagsins KEA eignir ehf.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptrá eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söluþegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Innlausn tekna

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar á markaðs- og fjárfestingaverðbréfum eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.



SKÝRINGAR

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætlunum endingartíma eignanna sem hér segir:

Innréttingar og húsgögn 5-10 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Fjármálagerningar

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsverði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi eða virk viðskipti á óformlegum tilboðsmarkaði. Ef ekki er hægt að meta markaðsverði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í hlutdeildar- og dótturfélögum eru færðir meðal fjárfestingaverðbréfa. Þeir eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu en ekki samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru ekki innifaldir í samstæðunni þar sem starfsemi þessara félaga er mjög ólík starfsemi móðurfélagsins. Eina undantekningin frá þessu er dótturfélagið KEA eignir ehf. sem er 100% í eigu KEA svf. KEA eignir ehf. er fjárfestingarfélag eins og móðurfélagið og er það innifalið í samstæðuársreikningnum.

Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2008. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmi tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

SKÝRINGAR

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir (frh)

Tekjuskattsskuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Lántaka

Lántaka er færð á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna lántöku eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

4. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2007	2006
Laun	41.599.450	35.272.582
Launatengd gjöld	12.531.046	9.950.065
	<u>54.130.496</u>	<u>45.222.647</u>

Meðalfjöldi starfa 4 4

Laun og þóknarir til stjórnenda námu 26,2 millj. króna á árinu.

Bókfærð skuld vegna starfslokasamnings við fyrrverandi framkvæmdastjóra nam 7,9 milljónum króna í árslok 2007.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.



SKÝRINGAR

5. Skattar ársins

Áætlað er að samstæðan greiði kr. 53.348.526 í tekjuskatt á árinu 2008.

Reiknaður tekjuskattur samstæðunnar af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2007	2006
Hagnaður fyrir skatta	640.888.729	355.701.814
Skatthlutfall, 18%	115.359.971	64.026.327
Dótturfélög	(378.273.372)	0
Ófrádráttarbærir styrkir	5.465.962	6.483.826
Aðrir liðir	(14.807.034)	(1.840.59)
	<u>(272.254.473)</u>	<u>68.669.559</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttingar og húsgögn
Bókfært verð 1/1	2.619.796
Viðbót á árinu	860.000
Afskrifað á árinu	(586.840)
Bókfært verð 31/12	<u>2.892.956</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar meðal annars rekstrarkostnaðar.

7. Markaðsverðbréf

Skráð markaðsverðbréf greinast þannig:	Nafnverð	Markaðsverð
Bakkavör hf	549.359	32.137.502
Exista hf	783.646	15.477.009
Kaupþing hf	52.323	46.044.240
Landsbanki Íslands hf	2.735.000	97.092.500
Straumur - Burðarás Fjárfestingabanki hf.	1.800.000	27.180.000
Skráð hlutabréf samtals	5.920.328	217.931.250
Verðbréfasjóðir		2.537.633.420
Skráð markaðsverðbréf samtals	<u>5.920.328</u>	<u>2.755.564.670</u>

SKÝRINGAR

8. Fjárfestingaverðbréf

Eignarhlutar í fjárfestingaverðbréfum greinast þannig í árslok:	Eignarhluti	Nafnverð
Askar China ehf	4,44%	9.541.500
Ásprent - Still ehf	59,06%	78.550.000
City Center Properties	10,00%	118.387.495
Eignarhaldsfélagið Akur ehf	50,00%	60.454.036
Eignarhaldsfélagið Flúðir ehf	33,33%	25.000.000
Fasteignafélagið Klappir ehf	100,00%	500.000
Fjárfestingafélagið Sylgja ehf	100,00%	500.000
Grand hótél Mývatn ehf.	1,55%	1.000.000
Greið leið ehf	22,68%	22.675.730
Hraun í Öxnadal ehf.	16,67%	2.000.000
Hreinsitækni ehf	22,91%	1.000.000
Norðurvegur ehf	25,00%	5.000.000
Miðlun ehf	15,80%	1.143.500
Orkuvörður ehf	9,10%	2.000.000
Saga Capital hf	9,40%	913.043.487
Sandblástur og málmhúðun hf	44,00%	2.875.136
Slippurinn Akureyri hf	10,00%	5.000.000
Sýni ehf	1,76%	545.455
Tækifæri hf	33,40%	255.606.154
Útgáfufélagið ehf	71,00%	355.000
Þekkingarvörður ehf	17,94%	6.237.141

9. Skuldabréfaeign og aðrar kröfur

Afborganir af skuldabréfaeign og öðrum kröfum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2008	278.679.739
Árið 2009	47.214.275
Árið 2010	21.228.697
Árið 2011	822.085
Árið 2012	29.941.001
Siðar	<u>36.035.807</u>
	<u>413.921.603</u>

10. Eigið fé

	Stofnsjóður félagsmana	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða 1/1	6.526.000	1.631.500	4.501.480.224	4.509.637.724
Innborgað í stofnsjóð	632.000			632.000
Hagnaður ársins			913.143.202	913.143.202
Tillag í lögbundinn varasjóð		158.000	(158.000)	0
Staða 31/12	<u>7.158.000</u>	<u>1.789.500</u>	<u>5.414.465.426</u>	<u>5.423.412.926</u>



SKÝRINGAR

11. Lántaka

Skuldir í íslenskum krónum:	
Verðtryggðar skuldir, vextir 4%	111.285.652
Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2007 greinast þannig á næstu ár:	
Árið 2008	37.095.217
Árið 2009	37.095.217
Árið 2010	37.095.217
	<u>111.285.652</u>

12. Tekjuskattsskuldbinding

Staða 1/1	429.374.926
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2007	(272.254.473)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008	(53.348.526)
Staða 31/12	<u>103.771.927</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:	
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.392.786
Eignarhlutar í félögum	105.529.318
Skammtímakröfur	(2.719.625)
Aðrir liðir	(1.430.552)
	<u>103.771.927</u>

13. Ábyrgðir og önnur mál

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema um 140,5 milljónum króna og eru sjálfskuldarábyrgðir sem félagið hefur veitt í tengslum við fjárfestingaverkefni sem það hefur tekið þátt í.

Félagið hefur gert hluthafasamkomulag við hluthafa Askar China ehf. um að leggja félaginu til allt að 1 milljón USD í hlutafé á líftíma félagsins sem er 10 ár. Fjármunir eru innkallaðir í Askar China ehf. eftir verkefnastöðu.